

## Nefndarálit með breytingartillögu

um tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu til að draga úr skaðlegum afleiðingum og hliðarverkunum vímuefnaneyslu, til verndar neytendum efnanna, aðstandendum þeirra og samfélaginu í heild.

Frá meiri hluta velferðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Braga Guðbrandsson, Heiðu Björgu Pálmadóttur og Halldór Hauksson frá Barnaverndarstofu, Þóru Jónsdóttur og Ernu Reynisdóttur frá Barnaheillum, Jónu Aðalheiði Pálmadóttur frá Mannréttindaskrifstofu Íslands, Rafn Jónsson, Guðrúnu Höllu Jónsdóttur og Árna Einarsson frá embætti landlæknis, Helgu Sif Friðjónsdóttur frá geðsviði Landspítalans, Þór Gíslason frá Rauða krossinum, Pétur Þorsteinsson frá Snarrótinni, Dr. Ethan Nadelmann frá Drug Policy Alliance, Percy Stefáns-son frá Nýju lausninni og Kristínu I. Pálsdóttur og Árdísi Þórðardóttur frá Rótinni. Þá hafa nefndinni borist umsagnir um málið frá Akureyrarbæ, Barnaheillum, Barnaverndarstofu, Jóni Steinari Gunnlaugssyni, Karl Héðni Kristjánssyni, landlæknisembættinu, Lyfjafræðingafélagi Íslands, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Nýju lausninni, Persónuvernd, Rótinni, Samhjálp, Sjúkrahúsinu á Akureyri og Snarrótinni.

Þingsályktunartillagan felur í sér að ríkisstjórninni verði falið að innleiða nýja stefnu í vímuefnamálum þar sem horfið verði frá refsistefnu og byggt á lausnamiðuðum og mannúðlegum úrræðum, á forsendum heilbrigðiskerfisins og félagslega kerfisins, til verndar neytendum efnanna, aðstandendum þeirra og samfélaginu í heild. Til að innleiða þessa nýju stefnu er lagt til að heilbrigðisráðherra skipi starfshóp sem tilnefndur verði af fagaðilum og að verkefni starfshópsins verði að meginstefnu þrjúþætt: að gera úttekt á gildandi lagaumhverfi svo afmarka megi viðfangsefnið nákvæmlega og undirbúa breytingar á löggjöf, að líta til reynslu annarra landa þar sem horfið hefur verið frá refsistefnu í fíkniefnamálum og að skapa heildstæða stefnu með höfuðáherslu á mannúðlega nálgun, vernd mannréttinda og skaðaminnkun.

Gestir og umsagnaraðilar nefndarinnar eru almennt jákvæðir í garð tillögunnar enda felur hún í sér mannúðlega nálgun í fíkniefnamálum með áherslu á meðferðarúrræði og skaðaminnkun. Lagt er til að neysla einstaklinga með fíknivanda verði leyst á vegum heilbrigðiskerfisins en ekki refsivörslukerfisins. Samkvæmt tillögunni er lagt til að horfið verði frá refsistefnu fyrir neyslu ólöglegra fíkniefna sem muni leiða til þess að einstaklinga með fíknivanda muni treysta samfélaginu betur og frekar leita sér aðstoðar en ef hótun um refsingu vofir yfir þeim. Mikilvægt er að áréttast að það að leggja til að horfið verði frá refsistefnu varðandi vörslu neysluskammta ólöglegra fíkniefna felur ekki í sér lögleiðingu þeirra. Efnin verði hér eftir sem hingað til ólögleg og lögreglan mun áfram vinna að því að uppræta framleiðslu, sölu og innflutning ólöglegra fíkniefna. Grundvallaratriði þessarar leiðar er hins vegar að einstaklingum verður ekki refsast vegna þeirra eigin neyslu enda hefur það sýnt sig að slíkar refsingar virðast ekki hafa skilað tilætluðum árangri og hafa takmarkaðan, ef nokkurn, fælingarmátt. Í stað refsinga verður einstaklingum beint í videigandi meðferðarúrræði þar sem mál þeirra verði skoðuð á einstaklingsgrundvelli og metið hvaða úrræði henta hverjum

og einum. Í þessu skyni þarf einnig að gera úttekt á þeim meðferðarúrræðum sem til eru hér á landi, sem og þeim úrræðum til skaðaminnkunar sem nú eru starfrækt. Skaðaminnkun er ákaflega mikilvæg og gerir einstaklingum með fíknivanda mögulegt að lifa með nokkurri reisu, eiga víst skjól á hverjum degi og fá aðra aðstoð til að takast á við erfitt líf. Hér á landi hefur mikil áhersla verið á meðferðarúrræði sem hafa þann tilgang einan að vinna á fíknivandamálum með þeim hætti að fólk hætti í neyslu. Almennt hefur einstaklingum með fíknivanda ekki staðið til boða mikil þjónusta á meðan á neyslu stendur sem hefur gert það að verkum að fíknivandi þeirra hefur skapað skaðlegri vandamál en hann annars óhjákvæmilega gerir. Ekki eru allir einstaklingar með fíknivanda tilbúnir að fara í meðferð eða hætta neyslu en sé þeim veitt aðstoð til að lifa mannsæmandi lífi er líklegra en ekki að þeir muni leita sér viðeigandi meðferðar. Úrræði til skaðaminnkunar eru því lykilatriði í innleiðingu nýrrar mannúðlegrar stefnu í vímuefnamálum.

Fyrir nefndinni kom fram hjá gestum að reynsla fagfólks og rannsóknir sýna að flestir þeirra sem glíma við alvarlegan fíknivanda glíma einnig við önnur alvarleg veikindi og oft og tíðum geðræn veikindi, eiga sögu sem þolendur líkamlegs- eða kynferðislegs ofbeldis eða annarra erfiðleika. Hér á landi hefur ávana- og fíkniefnavandi fólks í of miklum mæli verið leystur með vímuefna meðferðum en ekki heilðrænum meðferðum þar sem ráðist er að rót vandans sem oft og tíðum eru geðræn veikindi. Mikilvægt er að horfa heildstætt á málefni hvers einstaklings og komast að rót þess vanda sem viðkomandi glímir við.

Mikil þróun hefur orðið í alþjóðlegri umræðu um vímuefnamál síðustu árin. Nokkur ríki hafa komist að þeirri niðurstöðu að stríðið gegn eiturfjúfum hafi skapað stærri vandamál en því var ætlað að leysa og lögleitt fíkniefni eða eru við það að lögleiða fíkniefni. Portúgal hefur valið allt aðra leið, ekki lögleitt efni heldur endurskoðað refsistefnu í fíkniefnamálum og tekið upp mannúðlegri nálgun. Almenn áhrif þessa hafa verið jákvæð og bætt líf vímuefnafikla til muna, t.d. hefur HIV-smitum fækkað og dregið hefur úr neyslu 15–19 ára á fíkniefnum. Mikilvægt er að hér á landi verði reynsla annara landa metin með faglegum hætti og aðstæður hér bornar saman við aðstæður í öðrum ríkjum áður en tekin verður ákvörðun um stefnubreytingu í vímuefnavörnum. Tilgangur og markmið stefnunnar verður hér eftir sem hingað til sá að draga úr neyslu ólöglegra vímuefna og minnka skaðleg áhrif þeirrar neyslu á notendurna og samfélagið. Það hefur sýnt sig á undanförunum áratugum að refsistefnan hefur ekki náð þessum markmiðum nægilega vel. Hins vegar er nauðsynlegt að stigið verði varlega til jarðar í þessum efnunum og hvert skref ígrundað vel. Meiri hlutinn telur að sú úttekt sem þingsályktunartillagan mælir fyrir um sé nauðsynleg áður en hægt sé að taka ákvörðun um frekari breytingar. Meiri hlutinn telur því ekki tímabært að fela ríkisstjórninni að innleiða nýja stefnu í vímuefnamálum heldur þurfi fyrsta skrefið að vera endurskoðun núverandi stefnu og að byggt verði á lausnamiðuðum og mannúðlegum aðferðum. Þá er einnig mikilvægt að sá starfshópur sem ráðherra skipar á grundvelli tillögunnar leiti við vinnu sína einnig til einstaklinga með fíknivanda, aðstandenda og þeirra sem hafa þekkingu og reynslu af viðfangsefninu. Má þar nefna félagasamtök eins og Geðhjálp, Geðvernd, Rótina, Snarrótina og fleiri slík samtök. Til að auka fjölbreytni sjónarmiða við vinnuna leggur meiri hlutinn til að nefndarmönnum sem heilbrigðisráðherra skipar án tilnefningar verði fjölgað úr einum í þrjá og verði einn þeirra formaður starfshópsins.

Að framangreindu virtu leggur meiri hlutinn til að tillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. 1. mgr. tillögugreinarinnar orðist svo:  
Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að endurskoða stefnu í vímuefnamálum á grundvelli lausnamiðaðra og mannúðlegra úrræða, á forsendum heilbrigðiskerfisins og félagslega kerfisins, til aðstoðar og verndar neytendum efnanna og félagslegum réttindum þeirra, aðstandendum þeirra og samfélaginu í heild.
2. 2. másl. 2. mgr. tillögugreinarinnar orðist svo: Landlæknir, stjórn SÁÁ, ríkislögreglustjóri, framkvæmdastjóri geðsviðs Landspítala, Rauði Kross Íslands og velferðarsvið Reykjavíkurborgar tilnefni einn fulltrúa hver en þrjá fulltrúa skipi heilbrigðisráðherra án tilnefningar og verði einn þeirra formaður starfshópsins.
3. 5. mgr. tillögugreinarinnar orðist svo:  
Heilbrigðisráðherra upplýsi Alþingi um framgang verkefnisins á haustþingi 2014 og skili skýrslu til Alþingis með niðurstöðum starfshóps, sbr. c-lið 3. mgr., fyrir 1. maí 2015.
4. Fyrirsögn tillögunnar verði: Tillaga til þingsályktunar um mótun stefnu til að draga úr skaðlegum afleiðingum og hliðarverkunum vímuefnaneyslu, til aðstoðar og verndar neytendum efnanna og félagslegum réttindum þeirra, aðstandendum þeirra og samfélaginu í heild.

Helgi Hrafn Gunnarsson, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykkur álitum þessu.

	Alþingi, 14. maí 2014.	
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, form.	Vilhjálmur Árnason, frsm.	Björt Ólafsdóttir.
Ásmundur Friðriksson.	Guðbjartur Hannesson.	Lilja Rafney Magnúsdóttir, með fyrirvara.
	Páll Jóhann Pálsson.	